


HANDBÓK NOTANDA

196.20 MULTISCAN



IS ÍSLENSKA



Þarftu handbók
á öðru tungumáli?

Skoðaðu bakkápuna



FUTECH
futech-tools.com

YFIRLIT



ATRIFI Á HÓLFI

- 1 Rautt gaumljós
- 2 Gult gaumljós
- 3 Grænt gaumljós
- 4 Skjár
- 5 Aflhnappur
- 6 Hnappur til að finna við
- 7 Hnappur til að finna málm/rafmagnsvír með straumi
- 8 Filtpúði 1
- 9 Nemi
- 10 Vörumerki
- 11 Filtpúði 2
- 12 Rafhlöðulok

SKJÁR

- a. tákn fyrir málna sem innihalda járn/
innihalda ekki járn
- b. tákn fyrir valda leitarstillingu (viður,
rafmagn, málmur)
- c. Rafhlöðutákn
- d. Dýpt málmleitar
- e. Tákn fyrir "Autocal" kvörðun
- f. Tákn til að finna miðju leitarsvæðisins.
- g. Styrkur leitarmerkis
- h. Eiginleiki fundins hlutar
svæði fyrir straumlausa stillingu



FYRSTA NOTKUN / KVEIKT OG SLÖKKT Á TÆKINU

Fjarlægðu allar hlífðarfilmur þar sem þær eru ásettar. Opnaðu rafhlöðuhólfíð og settu inn 9V rafhlöðu. Gættu þess að láta skautin snúa rétt. Ýttu á aflhnappinn til að kveikja á mælingatækinu. Eftir stutta prófun er neminn tilbúinn til notkunar. Mælingatækið fer sjálfkrafa í málmleitarstillingu. Ef hljóðmerki heyrst reglulega og rauða gaumljósið [1] blikkar stöðugt þarf að kvarða mælingatækið. (sjá kvörðun)

MIKILVÆGT

- Ef mælingatækið er ekki notað í lengri tíma verður að fjarlægja rafhlöðuna. Tæring getur myndast í rafhlöðunni eða hún tæmst.
- Gættu þess að geyma mælingatækið ekki í raka eða beinu sólarljósi.
- Áður en kveikt er á mælingatækinu skaltu gæta þess að enginn raki sé á nemanum. Þurrkaðu af mælingatækinu með þurrum klút ef þess þarf.
- Ef mælingatækið var í miklum hitabreytingum skal láta það ná umhverfishitanum áður en kveikt er á því.

KVÖRDUN

Haltu mælingatækinu fjarri málmí eða sterku segulsviði (til dæmis beint upp í loftið).

Ýttu á málmleitarhnappinn [7] aftur þar til hljóðmerkið stöðvast og græna gaumljósið [3] lýsir. Slepptu málmleitarhnappinum þegar kvörðunin er lokið.

LEIT AÐ HLUTUM

■ MÁLMHLUTIR



KOPARRÖR	
Ø 20	8cm / 6cm
Ø 16	7cm / 6cm
Ø 12	6cm / 5cm
Ø 6	5cm / 5cm


Ýttu á málmleitarhnappinn til að kveikja á málmleitarstillingu. Tæknið birtist á skjánum og græna gaumljósið [3] lýsir.

Settu mælingatækið á yfirborðið sem á að skanna og færðu það til hliðar. Ef mælingatækið fer nálægt málmhlut hækkar styrkur leitarkerkisins.

Þegar það fer fjær málmhlutum lækkar styrkur leitarmerkisins [8]. Þegar styrkur leitarmerkisins er sem hæstur er málmhluturinn beint undir miðjum nemanum. Þá birtist tákni á skjánum og stöðugt hljóðmerki heyrir.

Þegar skannað er eftir málmhlutum birtist táknið fyrir dýpt málmleitar [d]. Nákvæmni dýptarinnar fer eftir lögun og staðsetningu hlutarins sem er skannaður. Þegar mældi hluturinn er hefðbundið rör með 20mm þvermál sem er staðsett nokkurn veginn samhliða nemanum er nákvæmni dýptarinnar sem best. Dýptarmælingin er eingöngu ætluð til viðmiðunar.

■ VIÐARHLUTIR



VIÐUR	
Viðarbiti	2cm
Viðarlisti	2cm

Til að skanna eftir viðarhlutum skal halda tækinu upp að veggnum og ýta á hnappinn til að finna við [6]. Gættu þess að mælingatækið færir ekki til á meðan kvörðun fer fram. Græna gaumljósið [3] lýsir þegar kvörðun er lokið. Viðartáknið birtist á skjánum.


Settu mælingatækið á yfirborðið og færðu það til. Þegar tækið fer nálægt viðarhlut lækkar styrkur leitarmerkisins [g]. Þegar tækið færir fjær viðarhlut lækkar styrkur leitarmerkisins [g]. Þegar styrkur leitarmerkisins er sem hæstur er viðarhluturinn beint undir miðjum nemanum. Krosstáknið birtist á skjánum [f].

VARÚÐ

Ef neminn var yfir viðarhlut þegar kveikt var á tækinu og tækið er fært til að skanna eftir hlutum er mögulegt að hljóðmerki „dídídídi“ heyrir og gula eða græna gaumljósið kvikni. Ef þetta gerist verður að hafa tækið á öðrum stað þegar kveikt er á því. Síðan verður að skanna upp á nýtt.



■ RAFMAGNSVÍRAR MEÐ STRAUMI



Rafmagnsvír með straumi

5cm

Ýttu tvisvar sinnum á hnappinn til að finna rafmagnsvíra með straumi [7]. Táknid fyrir rafmagnsvír með straumi birtist á skjánum. Ef engir rafmagnsvírar með straumi eru nálægt nemanum en hljóðmerkið „dídídí“ heyrst stöðugt og rauða gaumljósið blikkar [1], eða ef rafmagnsvírar með straumi eru nálægt nemanum en finnast ekki, verður að kvarða mælingatækið. (sjá „Kvörðun“).

Neminn getur fundið rafmagnsvíra með 50 til 60 Hz AC straum. Aðrir vírar finnast eingöngu sem málmhlutir.

Vírar/leiðarar með straumi koma fram bæði þegar leitað er að málmum og viði. Táknid fyrir rafmagnsvír með straumi [3] birtist á skjánum þegar rafmagnsvír með straumi finnst. Þá skal færa mælingatækið endurtekið yfir svæðið til að finna nákvæma staðsetningu vírsins. Eftir nokkur skipti getur neminn fundið nákvæma staðsetningu á vír/leiðara með straumi.

Neminn getur fundið víra með 110 volta, 240

volta og 380 volta (AC) straumi.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Mælingagildin geta orðið fyrir áhrifum frá sumum umhverfisaðstæðum. Þær eru meðal annars:

- nálægð við annan búnað sem gefur frá sér sterkt (raf-) segulsvið
- raki
- byggingarefni úr málm
- einangrunaefni klædd með ál
- leiðandi veggfóður

Því skal einnig afla frekari upplýsinga (t.d. teikningar af byggingunni) áður en byrjað er að bora, saga eða leiða víra í vegg, loft eða gólf.

TÁKN FYRIR „AUTOCAL“ KVÖRÐUN

Þegar gátmerkið fyrir aftan „Autocal“ [e] blikkar í langan tíma eða sést ekki lengur er ekki lengur hægt að ná áreiðanlegri skönnun. Farðu með mælingatækið til Futech söluaðila til að láta gera við það.

VIÐHALD / ÞJÓNUSTA / ÞRIF

Þurrkaðu óhreinindi eða mengun með þurrum, mjúkum klút. Ekki nota hreinsiefni eða leysandi efni.

Ekki má setja límmiða eða nafnplötur, sérstaklega ekki úr málm, nálægt nemanum á framhlið eða bakhlið mælingatækisins. Það getur haft áhrif á mælinguna.

Geymdu og flyttu mælingatækið eingöngu í meðfylgjandi hlífðarpoka.

BREYTINGAR

Futech áskilur sér rétt til að gera breytingar eða viðbætur á þessari handbók hvenær sem er án fyrirvara.

TÆKNILÝSINGAR

	196.20 MULTISCAN
Leitardýpt fyrir málma sem innihalda járn	80mm
Leitardýpt fyrir málma sem innihalda ekki járn	60mm
Leitardýpt fyrir víra með straumi	50mm
Leitardýpt fyrir við	20mm
Skjámynd af leitardýpt	✓
Leitardýpt birt í cm	Eingöngu fyrir málma, ekki við
Rafhlöður	1x 9v
Rafmagnstengi	✖
Mál	68 X 146 X 28
Þyngd	0,15 KG

Taktu rafhlöðuna úr tækinu til að koma í veg fyrir skemmdir ef ekki á að nota tækið í nokkra mánuði.

Ef tækið nær ekki tiltekinni virkni skal skila því til þjónustuvers eða endursöluaðila til að láta gera við það. Viðgerðir hjá óviðurkenndum aðila ógildir alltaf ábyrgðina sjálfkrafa.





SAMRÆMISYFIRLÝSING

Futech (Belgiú) lýsir því yfir á eigin ábyrgð að þetta tæki:

- 196.20, MULTISCAN

uppfyllir ákvæði staðlanna

EN 61326-1:2013,

EN 61326-2-1:2013,

og ákvæði tilskipunar

2014/30/EU um rafsegulsamhæfi.

Lier, Belgíu,

10. mars 2023

Patrick Waüters

Prentvillur eru mögulegar. Myndir eru mögulega ekki fullkomlega nákvæmar.

Allir eiginleikar, virkni og önnur tæknilýsing vörunnar eru háð breytingum án fyrirvara eða ábyrgðar.

HANDBÓK NOTANDA

Önnur tungumál:



DA DANSK



DE DEUTSCH



ES ESPAÑOL



ET EESTI KEEL



FI SUOMEN KIELI



FR FRANÇAIS



IS ÍSLENSKA



IT ITALIANO



NL NEDERLANDS



NO NORSK



PT PORTUGUÊS



SL SLOVENŠČINA



SV SVENSKA



Facebook
@futechtools



LinkedIn
futechtools



World Wide Web
futech-tools.com



YouTube
@futechtools